

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2007

frá 15. júní 2007

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2006 frá 27. október 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu – Framvinda ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 65, 3.3.2007, bls. 12.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2007 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. málsgreinar:

„5. EFTA-rikin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í tveimur fyrstu undirliðum 8. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2000, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 2001, í áætlununum sem um getur í fimmta og sjötta undirlið frá 1. janúar 2002, í áætlununum sem um getur í sjöunda og áttunda undirlið frá 1. janúar 2004 og í áætlununum sem um getur í níunda og tíunda undirlið frá 1. janúar 2007.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„– **32006 D 1672**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu – Framvinda (Stjtið. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 65, 3.3.2007, bls. 12.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 83, og EES-viðbætur nr. 64, 21.12.2006, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2007 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.